

**Ed.**

**171. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, og lögum 9. sept. 1915.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðuneyti Íslands veitist heimild til að auka seðlaupphæð þá, er Íslandsbanki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 4. gr., og lögum 9. sept. 1915, svo sem viðskiftaþörfin krefur, og með þeim skilyrðum, sem fram eru tekin í 1.—3. lið 1. gr. laga 9. sept. 1915, þó svo, að í stað 2<sup>0</sup>/<sub>0</sub> í 2. tölul. nefndrar greinar komi 3<sup>0</sup>/<sub>0</sub> á ári af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr 3<sup>1</sup>/<sub>2</sub> miljón og málmforðinn nægir ekki til.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar sins, að innleysa alla þá seðla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafn-skjótt sem landsstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. desember 1917.